

# Merkilegur ættfræðingur.

Tiðindum þótti mér sæta, er eg sá þess getið, að hinn mikli ættfræðingur Steinn Dofri, væri kominn aftur til landsins eftir margra ára dvöl vestan hafs. Dr. Hannes heitinn Þorsteinsson kyntist Steini nokkru eftir aldamót, og tók eftir því hversu frábæra hæfileika þessi ungi maður hafði til þeirra fræðiiðkana, sem Hannesi var mest um hugað, og þar sem hann var svo framúrskarandi sjálfur, og vann svo Steinn að slíku um nokkur ár, með hinum stálminnuga manni. En er samvinnu þeirra sleit, fór Steinn til Vesturheimis; hefir ef til vill haldið, eins og ekki er láandi, að mörgum Íslendingi vestanhafs, eða börnum þeirra, mundi vera hugur á að eiga ættartölu sína. Og nú er hann kominn heim aftur eftir þessi mörgu ár. Og ekki væri það til sóma ættfræðipjóðinni, sem á í bókmentum sínum merkilegasta ættfræðiritið, sem til er á jörðinni — það er auðvitað Landnáma, sem eg á við — ef Steini Dofra yrði hér ekki vel líft það sem eftir er ævinnar, við að stunda þau fræði, sem honum hefir þegar frá æskualdri verið svo óvanalega sýnt um.

23. september.

Helgi Pjeturss.

Vinn  
5. sept.  
1937.